

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ingibjörgu Helgu Helgadóttur og Sigurð Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Guðlaug Stefánsson frá Samtökum atvinnulífsins og Marinó G. Njálsson frá Hagsmunasamtökum heimilanna. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkisskattstjóra, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Hagsmunasamtökum heimilanna, Viðskiptaráði Íslands, Ríkisendurskoðun, Samtökum atvinnulífsins, Félagi eldri borgara og Alþýðusambandi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á tilgreindum viðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta sem koma til framkvæmda á árinu 2009 vegna tekna, eigna og skulda frá árinu áður. Er því um að ræða afturvirka aðgerð sem er ívilnandi og gerð til að létta fjárhagsstöðu heimilanna.

Á fundum nefndarinnar var rætt um heildarkostnað vegna frumvarpsins og hvernig ríkissjóður mundi standa undir honum. Þá var rætt hvort aðrar leiðir hefðu verið æskilegri til að ná markmiðum þess, t.d. með því að hækka framlög ríkissjóðs til atvinnuleysistrygginga. Fram komu sjónarmið um að frumvarpinu væri ekki beint nægilega að stöðu þeirra heimila sem verst væru stödd í fjárhagslegu tilliti, t.d. þeirra sem tekið hefðu húsnæðislán í erlendum gjaldeyri og þeirra sem þola hefðu mátt atvinnumissi.

Nefndin bendir á að umsagnir sem henni bárust eru almennt jákvæðar. Þó komu fram ábendingar um að róttækari aðgerða væri þörf til bjargar heimilunum og í því sambandi vísað til nýlegrar úttektar Seðlabanka Íslands um áhrif fjármálakreppu á efnahag heimilanna. Nefndin tekur fram að nú þegar hefur verið gripið til margháttaðra aðgerða í þágu heimilanna og mörg önnur úrræði eru til meðferðar hjá Alþingi eða hafa þegar verið samþykkt.

Á fundum nefndarinnar var rætt um nokkrar útfærslur til breytinga á vaxtabótakerfinu, m.a. þá að hækka hámarksvaxtabætur um 55% í stað 25% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Að óbreyttu hefði heildarkostnaður frumvarpsins eftir þá breytingu verið áætlaður 4 milljarðar kr. Nefndin ræddi einnig hvort samfara þessu væri tilefni til að hækka viðmiðunarhlutfall þeirrar fjárhæðar sem draga skal frá vaxtagjöldum af samanlögðum tekjuskattsstofni til að heildarkostnaður vegna frumvarpsins héldist óbreyttur þrátt fyrir hækkun hámarksvaxtabóta. Við nánari athugun var fallið frá þessari hugmynd þar sem hún hefði leitt til þess að tilteknir hópar yrðu fyrir skerðingu á vaxtabótum, en það er ekki tilgangur frumvarpsins.

Nefndin leggur til að viðmið hámarksvaxtabóta hækki um 30% í stað 25% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að hámarksviðmið vaxtagjalda hækki um 25% en nefndin leggur til að frá því verði fallið. Nefndin leggur til að viðmiðunarhlutfall hámarksvaxtagjalda af skuldum hækki úr 5% í 7%.

Tilgangurinn með þeim breytingum sem nefndin leggur til er að gera frumvarpið markvissara og að það nýtist betur þeim tekjuminni. Hækkun á viðmiðunarhlutfalli hámarksvaxtagjalda af skuldum er enn fremur ætlað að koma til móts við þær fjölskyldur sem þurft hafa að taka dýr skammtímalán til að mæta greiðsluferfiðleikum á undanförunum mánuðum. Nefnd-

in tekur einnig fram að með þessum breytingum er stefnt að því að enginn fái minni bætur en hann hefði fengið samkvæmt núgildandi lögum.

Fjármálaráðuneytið áætlað að verði frumvarpið að lögum með þeim breytingum sem nefndin leggur til muni heildarkostnaður ríkissjóðs verða um 2 milljarðar kr. en í kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu ráðuneytisins sem fylgdi frumvarpinu var gert ráð fyrir að hann yrði rúmlega 2 milljarðar kr. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs vegna úttektar séreignarsparnaðar verði umfram þann kostnað.

Álitinu fylgja yfirlit um áhrif þeirra breytinga sem nefndin leggur til og unnin voru af fjármálaráðuneyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 3. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skal viðmiðunarhlutfall hámarksvaxtagjalda af skuldum, sem þar er tilgreint, vera 7% við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2008.
2. Þrátt fyrir ákvæði 10. og 12. másl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem þar eru tilgreindar, vera 246.944, 317.589, 408.374 og 900 við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2008.

Pétur H. Blöndal og Ragnheiður E. Árnadóttir skrifa undir álitinu með fyrirvara.

Bjarni Benediktsson og Jón Bjarnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu.

Alþingi, 31. mars 2009.

Björgvin G. Sigurðsson,
form., frsm.

Pétur H. Blöndal,
með fyrirvara.

Ellert B. Schram.

Árni Þór Sigurðsson.

Ragnheiður E. Árnadóttir,
með fyrirvara.

Birkir J. Jónsson.

Katrín Júlíusdóttir.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneytið, tekju- og lagaskrifstofa.
(Apríl 2009.)

Áhrif breytinga á vaxtabótum eftir tekjubílum. Árstölur 2008, kr.									
	Stofn til vaxtabóta				Vaxtabætur			Áhrif á vaxtabætur	
	Tekjur	Núv. kerfi	Hjón		Núv. kerfi	Hjón		Hjón	
		Frv. 1	Frv. 2		Frv. 1	Frv. 2	Frv. 1	Frv. 2	
3.000.000	570.000	570.000	720.000	314.134	392.668	408.374	78.534	94.240	
3.500.000	540.000	540.000	690.000	314.134	392.668	408.374	78.534	94.240	
4.000.000	510.000	510.000	660.000	314.134	392.668	408.374	78.534	94.240	
5.000.000	450.000	450.000	600.000	314.134	392.668	408.374	78.534	94.240	
6.000.000	390.000	390.000	540.000	314.134	390.000	408.374	75.866	94.240	
7.000.000	330.000	330.000	480.000	314.134	330.000	408.374	15.866	94.240	
8.000.000	270.000	270.000	420.000	270.000	270.000	408.374	0	138.374	
9.000.000	210.000	210.000	360.000	210.000	210.000	360.000	0	150.000	
10.000.000	150.000	150.000	300.000	150.000	150.000	300.000	0	150.000	
11.000.000	90.000	90.000	240.000	90.000	90.000	240.000	0	150.000	
12.000.000	30.000	30.000	180.000	30.000	30.000	180.000	0	150.000	
13.000.000	0	0	120.000	0	0	120.000	0	120.000	
14.000.000	0	0	60.000	0	0	60.000	0	60.000	
15.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	
16.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	

Forsendur:

Íbúðarskuldir í árslok, kr.	15.000.000	15.000.000	15.000.000
Greidd vaxtagjöld, kr.	900.000	900.000	900.000
Greidd vaxtagjöld, %	6,0	6,0	6,0
Hámark vaxtagjalda, kr. af íbúðarskuldum, %	5	5	7
Nettóeign í árslok, kr.	11.000.000	11.000.000	11.000.000
Tekjuskerðingarhlutfall, %	6	6	6
Hámarksvaxtagjöld, kr.	901.158	1.126.448	901.158
Hámarksvaxtabætur, kr.	314.134	392.668	408.374

Fylgiskjal II.

